

1984 nr. 97 28. maí**Lög um bókasafnsfræðinga**

Tóku gildi 13. júní 1984. *Breytt með:* L. 21/2001 (tóku gildi 16. maí 2001). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og barnamálaráðherra** eða **mennta- og barnamálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

Rétt til að kalla sig [bókasafns- og upplýsingafræðing]¹⁾ og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem til þess hefur leyfi [ráðherra].²⁾

¹⁾ L. 21/2001, 1. gr. ²⁾ L. 126/2011, 104. gr.

■ 2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita:

1. [þeim sem lokið hafa BA-prófi frá Háskóla Íslands með bókasafns- og upplýsingafræði sem aðalgrein er jafngildir a.m.k. 60 námseiningum];¹⁾

2. þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og a.m.k. 60 einingar í [bókasafns- og upplýsingafræði]¹⁾ við Háskóla Íslands;

3. þeim sem lokið hafa hliðstæðu prófi erlendis sé námið viðurkennt sem slíkt af yfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað;

4. [þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og framhaldsgráðu í bókasafns- og upplýsingafræði til viðbótar, þ.e. MA, MLS eða sambærilega háskólagráðu].¹⁾

[Áður en leyfi er veitt skv. 3. og 4. lið skal leita umsagnar Upplýsingar – félags bókasafns- og upplýsingafræða, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga og bókasafns- og upplýsingafræðiskorar við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.]¹⁾

¹⁾ L. 21/2001, 2. gr.

■ 3. gr.

[Bókasafns- og upplýsingafræðingi]¹⁾ ber að starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um bókasöfn sem í gildi eru á hverjum tíma.

¹⁾ L. 21/2001, 3. gr.

■ 4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum. . . .¹⁾

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr.

■ 5. gr.

[Ráðherra]¹⁾ getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 126/2011, 104. gr.

■ 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.